

Mál nr. 182/2007

Rósenberg Gíslason

og

Tryggingamiðstöðin hf. vegna DH 700 og VZ 961

Árekstur á bílastæði 11. júlí 2007.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 24. september 2007 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bífreiðinni DH 700 (hér nefnd A) hafði verið lagt á bílastæði. Ökumaður A hugðist bakka útúr stæðinu. Hann leit aftur fyrir sig og sá enga umferð. Hann bakkaði því útúr stæðinu. A bakkaði þannig á VZ 961 (hér nefnd B) sem hafði stöðvað fyrir aftan A vegna annarrar umferðar. Samkvæmt útfylltri tjónaskýrslu undirritar A að B hafi verið kyrrstæður og að A hafi bakkað.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að B var kyrrstæður þegar A bakkaði á B. Öll sök á A.

Niðurstaða.

Öll sök á DH 700 (A).

Reykjavík, 23. október 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.